

Elf films  
Birna P. Einarsdóttir  
Laugavegi 47  
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. júní 2013  
Tilvísun: UST20130500145/mik

### Efni: Umsókn um leyfi til myndatöku í og við Dyrhólaey.

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Elf films, dags. 23. maí 2013, um leyfi til myndatöku í og við Dyrhólaey á tímabilinu 27.-28. júní 2013. Um er að ræða tískumyndir.

Dyrhólaey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 101/1978. Ekki er þörf á sérstöku leyfi til kvikmyndatöku innan friðlandsins ef ekki er um að ræða jarðrask eða mannvirkjagerð.

Umhverfisstofnun hefur heimild til að takmarka aðgang að svæðinu á tímabilinu 1. maí til 25. júní til að vernda varp fugla. Óheimilt er að skaða eða trufla dýralíf á svæðinu.

#### Lýsing á framkvæmd:

Um er að ræða tískumyndatöku (hreyfimyndir) með einu módeli. Þetta eru listrænar tókur í íslensku umhverfi og náttúru, með fallegan bakgrunn á borð við hraun, foss og helli. Einn karakter er í mynd, án sviðsmyndar. Umfang er lítið, tókur einfaldar og ekkert rask á umhverfinu. Að tókunum koma 9-15 manns, eftir því hvort það þarf á grip og ljósi þarf að halda. Engin leikmynd verður notuð, utan þess að í einhverjum tókum verður notast við efni sem bakgrunn. Lítið verður um leikmuni; aðeins nokkrir hlutir sem módelið verður látið halda á. Gert er ráð fyrir 1-2 bílum til að flytja mannskap á svæðið, auk lítils bíls fyrir kvikmyndatökuvél og önnur tæki. Ekki er gert ráð fyrir raski á umhverfinu.

Umhverfisstofnun metur umfang verksins svo að það sé ekki leyfisskylt m.v. gefnar upplýsingar. Stofnunin fer þess þó á leit að haft sé samband við landvörð svæðisins áður en tókur hefjast og honum tilkynnt um ferðir hópsins. Símanúmer hans er 868 8951. Mikilvægt er að allir þeir sem koma að tókunum haldi sig innan merktra gönguleiða.

Umhverfisstofnun bendir sérstaklega á að samkvæmt 17. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, er bannað að aka vélknúnum ökutækjum utan vega.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri

Þórdís V. Bragadóttir  
Sérfræðingur